

Samkomulag við Fræðslumiðstöð um skipan sundkennslu

Íþrótta- og tómstundaráð og Fræðslumiðstöð fyrir hönd grunnskóla í Reykjavík gera með sér eftirfarandi samkomulag um skipan sundkennslu á sundstöðum sem reknir eru af ÍTR.

Samkomulag:

1.gr.

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur leigir fyrir hönd grunnskólanna í Reykjavík aðstöðu til sundkennslu á sundstöðum sem ÍTR rekur og ábyrgist greiðslu fyrir þessa aðstöðu samkvæmt fyrirfram ákveðinni verðskrá hverju sinni.

2.gr.

ÍTR ábyrgist ótruflað kennslusvæði til kennslu ásamt fylgirými í samræmi við stundaskrá og stærð hópa.

3.gr.

Hver skóli skal leggja fyrir forstöðumenn viðkomandi sundstaðar stundaskrá fyrir komandi skólaár vegna sundkennslu minnst þremur vikum áður en kennsla hefst að hausti þannig að forstöðumaður sundstaðar geti komið við athugasemdum.

Í þeim sundlaugum sem svo háttar til að fleiri en einn skóli sækir sundnám í sömu laug skulu skólastjórnendur samræma gerð stundaskrárinnar í samráði við forstöðumann viðkomandi sundstaðar. Þannig að kennsla gangi árekstralaust og öðlilega fyrir sig.

4.gr.

Sundstaður leggur til kennslugögn í samræmi við óskir og þarfir kennara það er sundflár, kúta, armhringi, sundfit, köfunarhringi og gjarðir. Óski kennari/skóli eftir viðbótar kennslugögnum eða endurnýjun skulu óskir þar að lútandi berast forstöðumanni sundstaðar þegar kennslu lýkur að vori vegna næsta skólaárs eða þegar í upphafi skólaárs að hausti. Slíkar óskir skulu vera skriflegar.

5.gr.

Kennarar hafa aðgang að læsanlegum hirslum fyrir gögn varðandi kennslu sem þeim tilheyra svo og aðstöðu til fataskipta og geymslu hlífðarfatnaðar einnig aðgengi að síma og tölvu til samskipta vegna starfs síns. Þar sem sérstök kennaraherbergi eru til afnota fyrir kennara er það á valdi forstöðumanns hvort þjálfarar á vegum sundfélaga hafa afnot af slíku rými með sama hætti og kennarar á vegum grunnskóla. Forstöðumaður setur reglur um umgengni. ÍTR getur ekki tryggt kennurum sambærilega aðstöðu á öllum sundstöðum vegna mismunandi aðstæðna á hverjum stað.

6.gr.

ÍTR hagar öryggismálum sinna sundstaða í samræmi við “Reglur um öryggi á sundstöðum og við kennslulaugar” (Menntamálaráðuneytið 1999). Að því er varðar aðkomu sundkennara grunnskólanna og öryggisþáttum ber þeim að haga störfum sínum í einu og öllu í samræmi við 4. kafla þessarar reglugerðar.

7.gr.

Í samræmi við 4. kafla fyrrgreindrar reglugerðar ber kennurum ásamt starfsfólki að fara yfir helstu reglur sundstaðar er varða nemendur. Þar sem aðstæður eru mismunandi á sundstöðum skal forstöðumaður á hverjum sundstað og starfandi sundkennarar á hverjum stað koma sér saman um hvernig að þessum þætti skuli staðið og koma sér upp skriflegri áætlun um framkvæmd.

8.gr.

Hver sundstaður sendir reikning á viðkomandi skóla í upphafi hvers mánaðar í samræmi við stundarskrá og skráða tíma. Fjöldi tíma reiknast með þeim hætti að hver hópur +/- 15 nemendur reiknast sem einn tími (sbr. Öryggisreglur). Hópar fjölmennari en 15 nemendur reiknast sem tveir tímar.

Loki sundstaður vegna bilana eða annarra orsaka dragast þeir tímar sem þannig falla brott frá skráðum tímum á stundaskrá.

Falli niður sundkennsla vegna starfsdaga skóla, bekkjarferðalaga, forfalla kennara eða af öðrum ástæðum sem skóli ákveður eru þeir tímar að fullu reiknaðir samkvæmt stundaskrá. Falli sundkennsla niður af einhverjum orsökum, bilunar í búnaði sundlaugar eða vegna veðurs eða eftir ákvörðun skólastjórnenda s.s. starfsdagar, ferðalaga, veikindarforfalla skal það tilkynnt sundlaug – skóli, skóli – sundlaug með eins miklum fyrirvara og unnt er. Þegar skóla hefur borist tilkynning um það að skólasund falli niður er ætlast til þess að nemendur verði ekki sendir á sundstað.

9.gr.

Kennari ábyrgist að nemendur fari í einu og öllu eftir reglum sundstaða um umgengni og aðra þætti og geri þeim þessar reglur ljósar. Hafi nemendur í frammi hegðun sem ekki samrýmist þessum reglum eða óhlýðnast fyrirmælum starfsmanna skal viðkomandi starfsmaður gera kennara/forstöðumanni viðvart sem gerir viðeigandi ráðstafanir. Hafi kennari athugasemdir fram að færa vegna framkomu eða verklags starfsmanna sundstaðar er það kennara að leiða það mál til lykta í samráði við forstöðumann sundstaðar.

10.gr.

Vegna þess hve aðstæður eru mismunandi á hverjum sundstað er ekki mögulegt að setja reglur um starfshætti sem eiga við alla staði því er mælt til þess að kennarar og forstöðumenn komi sér saman um reglur um starfshætti á hverjum stað þar með talið skilgreining þess svæðis sem ætlað er til kennslu. Reglur þessar skulu vera skriflegar.

Reykjavík, 26. nóvember 2003

F.h. Íþróttá- og tómstundaráðs

f.h. Fræðslumiðstöðvar
Reykjavíkur

Vottar: